Hjördís Johnson
Ásthildur Helgadóttir
Auður D. Kristinsdóttir
Guðmundur G. Gunnarsson

Efni: Vallargerðisvöllur – Framtíðarskipulag

Vallargerðisvöllur er mikil paradís í hugum margra Kópavogsbúa. Þarna hafa þúsundir Kópavogsbúa stigið sín fyrstu spor við íþróttaiðkun og átt góðar stundir og minningar.

Þessa svæði er á frábærum stað, útsýnið er vítt og kennileiti bæjarins blasa við, Kópavogurinn og Kópavogskirkjan auk Sundlaugarinnar. Tengingar við margar af perlum bæjarins (Rútstún, Kópavogstún, Borgarholt, Kópavogsdal, Kópavoginn, o.s.frv) bjóða upp á gríðarlega möguleika.

Undanfarin ár hefur verið óhrjáleg en nauðsynleg kofaþyrping bráðabirgðakennslustofa þarna – en búast má við að með lúkningu byggingar Kársnesskóla muni vera hægt að skipuleggja þetta svæði upp á nýtt.

Meðfylgjandi er vel unnið plagg Umhverfisssviðs Kópavogsbæjar um metnaðarfulla hugmyndasamkeppni – sem aldrei varð að raunveruleika – og fyrir því eru margar ástæður. Mygla í Kársnesskóla, alheimsfaraldur og fleira

Erindi þetta er á þá veru að ég óska eftir því að Umhverfissvið leggi fram greinargerð um stöðu mála varðandi framtíðarskipulag og hugmyndir um næstu skref þar að lútandi. Það er lítið fjallað um Vallargerðisvöll í Aðalskipulagi bæjarins og tillagan er sett fram til að hægt sé að sýna fyrirhyggju og langtímahugsun ráði för. Það er óskandi að innan skipulagsráðs og í bæjarstjórn náist samstaða um það ferli sem á að fara í þessu máli. Vísa ég þar í „Verkfærakistu“ sem kynnt var fyrir Skipulagsráði og vilji var til að vinna með sem megin aðferðafræði í vandasömu skipulagi. Unnið verði í góðri sátt við íbúa og þau félagasamtök sem málið snertir.

Virðingarfyllst,

Hákon Gunnarsson
Fulltrúi Samfylkingarinnar í skipulagsráði

Ps – þetta er ekki hluti af erindinu – það er engin tímapressa frá minni hendi. Þetta mætti alveg koma inn á borð skipulagsráðs í febrúar/mars - það þarf eflaust að vinna undirbúningsvinnu hjá starfsmönnum. Geri mér vel grein fyrir að þeir séu mjög störfum hlaðnir.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026





Hákon Gunnarsson, verkefnastjóri / Project Manager
Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health
Síðumúli 24, 108 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8700
www.stjornarradid.is - Fyrirvari/Disclaimer

GRÆN SKREF í ríkisrekstri

JAFNLAUNAVOTTUN 2019 - 2022

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consid

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026